

Velferðarnefnd Alþingis

Reykjavík 2. des. 2014

Umsögn um þingmál 52 — Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn, unglinga og fjölskyldur þeirra.

Fyrir hönd Sálfræðingafélags Íslands fagnar undirrituð framkominni þingsályktunartillögu.

Athugasemdir félagsins lúta einkum að þremur atriðum:

- Nauðsynlegt er að próffræðilegir eiginleikar skimunartækjanna hafi verið kannaðir til fulls og ákvarðanir teknar, af til þess bærur aðilum, um hversu sértæk eða næm þau eiga að vera.
- Alger nauðsyn er að tryggt sé að viðeigandi, gagnreynd úrræði og aðgengi að þeim, séu til staðar eftir skimun eftir tilfinningavanda.
- Að sama skapi er nauðsynlegt að setja viðmið í takt við þrepaskipta þjónustu um menntun og þjálfun þeirra sem veita eiga meðferð á hverju þjónustustigi.

Sálfræðingafélag Íslands er fúst til samstarfs í tengslum við tillöguna og leggur gjarnan til fulltrúa í sérfræðiteymið sem þar er nefnt.

Virðingarfyllst,
f.h. Sálfræðingafélags Íslands

Halla Þorvaldsdóttir
framkvæmdastjóri